

ÁRSSKÝRSLA 2008
NÁMSGAGNASTOFNUN



ÁRSSKÝRSLA 2008
NÁMSGAGNASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

<i>Metnaður, vandvirkni, framsækni</i>	3
<i>Málefni starfsmanna</i>	4
<i>Störf stjórnar Námsgagnastofnunar</i>	5
<i>Námsefnis- og framleiðslusvið</i>	7
<i>Frumútgáfur ársins 2008</i>	8
<i>Samantekt</i>	11
<i>Kynningarstarf</i>	12
<i>Heimasíðan</i>	12
<i>Auglýsingar</i>	12
<i>Í dagsins önn</i>	13
<i>Vefir</i>	13
<i>Nýyrðasamkeppni</i>	13
<i>Heimsóknir á vef Námsgagnastofnunar</i>	14
<i>Bologna barnabókastefnan 2008</i>	15
<i>Íslensku menntaverðlaunin 2008</i>	15
<i>Ársreikningur fyrir árið 2008</i>	16
<i>Efnahagsreikningur 31. desember 2008</i>	16
<i>Rekstrarreikningur fyrir árið 2008</i>	16

ÁRSSKÝRSLA 2008

Námsgagnastofnun
Reykjavík 2009
Umsjón: Tryggvi Jakobsson
Prentvinnsla: Litróf – Hagprent



METNAÐUR, VANDVIRKNI, FRAMSÆKNI

Í mars 2008 hélt Námsgagnastofnun lokað málþing þar sem kallað var eftir viðhorfum kennara og annarra skólamanna til þess hvernig Námsgagnastofnun bæri að haga störfum sínum í ljósi nýrra laga (nr. 71/2007) um námsefnisgerð. Óskað var eftir þátttöku fulltrúa fagfélaga kennara, skólastjórnenda, menntamálaráðuneytis, kennaraháskólans og sveitarstjórnarmanna. Vel var mætt til þingsins og það sat einnig stjórn Námsgagnastofnunar sem átti frumkvæði að þinghaldinu.

Á þinginu kom fram mjög jákvæð afstaða til Námsgagnastofnunar og mörg hlýleg orð voru látin falla í hennar garð. En eins og til var ætlast kom einnig fram gagnrýni og góðar ábendingar. Nokkrir fundarmenn höfðu áhyggjur af stöðu tvítyngdra barna í skólunum og hvöttu til þess að stofnunin legði aukna áherslu á útgáfu efnis fyrir þessi börn. Aðrir voru uppteknir af því að hve miklu leyti stofnunin ætti að gefa út stafrænt námsefni og voru þar mjög skiptar skoðanir. Sumir vildu að bókaútgáfan hefði algjöran forgang og sögðu skólana ekki í stakk búna til að nýta sér stafrænt námsefni svo vel færi og því væri ekki rétt að verja stórum hluta fjárveitinga í gerð stafræns námsefnis. Aðrir töldu að ekki yrði aftur snúið í þeim efnum og að stofnunin ætti ekki annarra kosta vöð en að gefa út stafrænt námsefni í vaxandi mæli.


Þá komu fram vangaveltur um hvort leiða mætti námsefnishöfunda saman með einhverjum hætti og stofna til umræðu um hvað einkenni gott námsefni. Í framhaldi af því var talað um að rannsóknir vantaði og upplýsingar um það hvernig námsefni nýtist úti í skólunum og hvað reynist vel í kennslu. Loks var auðvitað rætt um stefnu Námsgagnastofnunar í samkeppnisumhverfi og hvaða hlutverk hún ætti að leika á því sviði sem ný lög hafa skapað. Úr því sem fram kom hjá fundarmönnum má helst lesa að vænlegast sé að stofnunin haldi sínu striki og leggi einfaldlega kapp á að gefa út vandað námsefni hér eftir sem hingað til.

Í framhaldi af þeirri breytingu sem gerð var á lögum um námsgögn á árinu 2007, þegar ákveðið var að skólar fengju fjárveitingar til kaupa á námsgögnum frá öðrum útgefendum, var ákveðið að bjóða öðrum námsefnisútgefendum að taka þátt í sýningu á námsefni sem haldin er í Árbæjarskóla á hverju hausti. Nokkrir útgefendur þáðu boðið og sýndu þar nýlegt námsefni ætlað grunnskólum. Má ætla

að þetta auðveldi kennurum að kynna sér nýtt efni sem á boðstólum er á einum stað og vonandi verður framhald á þessu. Ekki er þessu þó ætlað að vinna gegn ærlegri samkeppni og Námsgagnastofnun stefnir enn sem fyrr að því að bjóða fram besta námsefnið sem vöð er á.

Í sumar var í fyrsta skipti gefinn út blöðungur sem er fyrst og fremst ætlaður til að kynna stofnunina almenningi. Í honum er stiklað á stóru um starfsemina og fólk hvatt til að skoða vefinn nams.is, en þar er að finna mikið af efni sem foreldrar geta skoðað með börnum sínum og raunar einnig efni sem getur verið hverjum sem er til gagns og gamans. Má þar nefna vefi um fugla landsins og gróður, tungumálaefni sem gott er til upprifjunar og efni um notkun móðurmálsins sem á erindi til margra. Kjörorðin á forsíðunni eru *metnaður, vandvirkni, framsækni*.

Útgáfan hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Af nýju efni komu út fjórar fræðslumyndir, átta hljóðbækur, 59 titlar af prentuðu efni, 46 verkefni og kennsluleiðbeiningar sem komu út á pdf-formi og átta gagnvirkir vefir. Samtals komu því út 125 nýir titlar árið 2008. Af þeim voru fimm titlar aðkeypt enskukennsluefni. Að þessum verkefnum hafa unnið, auk fastra starfsmanna, 66 höfundar og 34 teiknarar og ljósmyndarar, auk forritara, lesarara, hljóðupptökufólks og annarra. Nánar er greint frá útgáfum ársins síðar í árskýrslunni.



Ingibjörg Ásgeirsdóttir.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir.

MÁLEFNI STARFSMANNA

Námsgagnastofnun hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að mikill stöðugleiki hefur einkennt starfsmannahald hjá stofnuninni undanfarin ár. Óvenju miklar mannbreytingar urðu þó á árinu 2008 og verður hér gerð grein fyrir þeim.

Á árinu lét Jón Guðmundsson ritstjóri af störfum og sneri sér alfarið að tónlist. Jón var ritstjóri vefsvæðisins *Í dagsins önn* og hafði sinnt því starfi í fjögur ár eða frá því að vefsvæðinu var hleypt af stokkunum. Við starfi Jóns tók Sigrún Sóley Jökulsdóttir kennari sem jafnframt mun sinna ritstjórn í samfélagsgreinum. Þá sagði Guðbjörg Kristmundsdóttir, ritstjóri í samfélagsgreinum, starfi sínu lausu og hvarf á braut á miðju sumri.

Ásta Kristjana Guðjónsdóttir, ritstjóri og tölvuumsjónarkona, lét af störfum og sneri sér að kennslu. Við hennar starfi tók Guðríður Skagfjörð Sigurðardóttir, kennari. Hún sinnir ritstjórn í upplýsinga- og tæknimennt og heimilisfræði, ásamt því að hafa umsjón með tölvumálum Námsgagnastofnunar. Til að sinna forritun og tæknilegri vefumsjón var ráðin Guðný Þorsteinsdóttir í hálfstarf.

Hafdís Finnbogadóttir ritstjóri fór í ársleyfi til náms og til að leysa hana af var ráðin Sigríður Wöhler kennari. Hún er ritstjóri í stærðfræði og náttúrufræði.

Eiríkur Grímsson fór í hlutastarf og starfar nú hjá stofnuninni sem verkefnastjóri.

Nýir starfsmenn eru boðnir velkomnir og þeim sem látið hafa af störfum þakkað samstarfið og óskað allra heilla í framtíðinni.

Árlega er gerð starfsánægjukönnun meðal starfsmanna og hefur sama formið verið notað í nokkur ár þannig að hægt hefur verið að fylgjast með þróuninni. Sem dæmi um árangur af könnun sem þessari má nefna að á undanförunum árum hefur spurning um boðmiðlun og upplýsingaflæði innan húss komið afar illa út. Því var brugðið á það ráð, árið 2007, að kanna nánar hverju væri ábótavant í þessu efni og útkoman síðan rædd á almennum starfsmannafundi. Með hliðsjón af því sem þar kom fram var saminn aðgerðalisti til úrbóta og dreift til allra starfsmanna. Árangurinn varð sá að í starfsánægjukönnun 2008 hafði orðið umtalsverð breyting til batnaðar.

Á árinu 2008 sóttu 15 starfsmenn Námsgagnastofnunar námskeið af ýmsum toga og munaði þar mest um námskeið í notkun á Excel sem sérstaklega var haldið fyrir þá starfsmenn sem nota það forrit mikið. Starfsmenn stofnunarinnar eru hvattir til að sækja námskeið sem nýtast þeim í starfi og eru árleg starfsmannaviðtöl notuð sem vettvangur til að meta og skipuleggja endurmenntunarþörf einstakra starfsmanna.

Í febrúar kom í heimsókn ameríski líkamsræktarfrömuðurinn Steve Maxwell og var með námskeið í því hvernig skrifstofufólk getur létt sér lífið og aukið afköst með léttum æfingum. Þátttaka var afar góð og mæltist námskeiðið vel fyrir.



Starfsmenn efla andann í grillveislu síðastliðið sumar.

STÖRF STJÓRNAR NÁMSGAGNASTOFNUNAR

Stjórn Námsgagnastofnunar er nú skipuð eftirtöldum:

Aðalmenn

Björg Pétursdóttir, án tilnefningar, formaður
Gunnar Gíslason, tilnefndur af Sambandi
íslenskra sveitarfélaga, varaformaður
Ólafur Loftsson, tilnefndur af Kennarasambandi
Íslands
Reynir Daníel Gunnarsson, tilnefndur af Kennara-
sambandi Íslands
Elín Thorarensen, tilnefnd af Heimili og skóla

Varamenn

Sigurjón Mýrdal, án tilnefningar
Helga Gunnarsdóttir, tilnefnd af Sambandi
íslenskra sveitarfélaga
Sesselja G. Sigurðardóttir, tilnefnd af Kennara-
sambandi Íslands
Jón Ingi Einarsson, tilnefndur af
Kennarasambandi Íslands
Sjöfn Þórðardóttir, tilnefnd af Heimili og skóla

Að jafnaði fundar stjórnin einu sinni í mánuði. Á árinu 2008 voru haldnir átta reglulegir stjórnarfundir, þar af tveir hálfir dagar í stefnumótunarvinnu, auk daglangs málþings í Þjóðmenningarhúsinu um hlutverk Námsgagnastofnunar í nýju rekstrarumhverfi.

Verkferli og ábyrgð

Stjórn Námsgagnastofnunar hefur unnið að því að skýra verkferli stjórnar og vinnulag. Hún hefur sett starfsreglur stjórnar og í samstarfi við forstöðumann vinnureglur um auglýsingar, kostun, samstarf og dreifingu, og vinnureglur um launuð námsleyfi fyrir starfsmenn.

Nýting fjármagns

Stjórn Námsgagnastofnunar leggur mikla áherslu á að fjármagn til stofnunarinnar nýtist sem best við að fullnægja því hlutverki hennar að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá. Í því sambandi hefur verið ákveðið að taka aukið tillit til kostnaðar við val á aðkeyptu námsefni til útgáfu. Veturinn 2007–2008 ákváðu stjórn og forstöðumaður að leggja niður sérkvóta til grunnskóla þar sem skólarnir fá nú aukið fé til námsgagnakaupa í gegnum námsgagnasjóð. Ákveðið var að hætta innkaupum á ensku og dönsku ítarefni þar sem skólarnir geta keypt það fyrir fé úr námsgagnasjóði.

Frá málþingi um hlutverk Námsgagnastofnunar í nýju rekstrarumhverfi í Þjóðmenningarhúsi 27. mars.



Gæði námsgagna

Stjórnin hefur ítrekað rætt mikilvægi þess að fylgjast með skoðunum og reynslu kennara, nemenda og foreldra á námsefni stofnunarinnar. Hingað til hefur stofnunin notað ýmsar leiðir til að fá upplýsingar um skoðanir kennara, s.s. með heimsóknnum í skóla og umræðum á kynningum en einnig hefur verið rætt um að gera oftar rafrænar skoðanakannanir.

Kynning- og fræðslustarfsemi

Stjórnin er sammála um mikilvægi kynningar- og fræðslustarfsemi. Í því sambandi skipta kynningar á kennaraþingum og árleg haustkynning í Árbæjar-skóla miklu máli. Nú er foreldrum sex ára barna sendur kynningarbæklingur um námsgögn og vef stofnunarinnar. Rætt hefur verið hvort einnig eigi að senda foreldrum barna í 5. og 8. bekk kynningarbækling/bréf en ekki hefur verið tekin ákvörðun þess eðlis. Rætt hefur verið um að auka aðgengi á vef Námsgagnastofnunar, s.s. með því að bæta leitarmöguleika, taka upp vefsölukerfi og möguleikann á að hafa mismunandi opnunar síðu fyrir kennara, nemendur og foreldra. Stjórnin hefur einnig rætt um mikilvægi þess að taka upp sterkari tengsl við grunnskóla landsins, s.s. með tengiliðakerfi.

Útgáfumál

Stjórnin hefur velt fyrir sér aðferðum sem tryggja megi fjölbreytt námsefni í öllum greinum grunnskólans. Ýmsar aðferðir hafa hingað til verið notaðar til að fá upplýsingar um þörf á námsefni, s.s. heimsóknir í skóla og tvær formlegar kannanir sem menntamálaráðuneytið og Námsgagnastofnun létu gera, viðhorfskönnun (des.'06–jan.'07) og úttekt á útgáfu og notkun námsefnis í mars 2006. Auk þess að kynna sér niðurstöður þessara kannana stóð stjórnin fyrir lokuðu málþingi hinn 27. mars 2008. Markmið þingsins var að fá þátttakendur til að ræða stefnu Námsgagnastofnunar í nýju samkeppnisumhverfi og hvernig hún geti þjónað skólunum best sem stærsti, en ekki lengur eini, útgefandi námsefnis fyrir grunnskóla. Stjórnin vinnur að því, í samvinnu við forstöðumann og útgáfustjóra Námsgagnastofnunar, að móta aðferðir sem bæta yfirsýn yfir hvernig hverri námsgrein er sinnt, þannig að hægt sé að tryggja fjölbreytt námsefni í öllum greinum.



Húsnæðismál

Það hefur verið ljóst í nokkur ár að lagerhúsnæði stofnunarinnar að Brautarholti 6 væri orðið afar óhentugt fyrir þá starfsemi sem þar fer fram. Auk þess hefur Vinnueftirlit ríkisins sett fram kröfur um að fjárfrekar úrbætur yrðu gerðar á húsnæðinu svo það væri boðlegt starfsmönnum þar. Undanfarin ár hefur því verið unnið að því með menntamálaráðuneytinu að finna hentugt húsnæði fyrir lagerinn. Ekki tókst að finna hentugt lagerhúsnæði í nágrenninu og því hófst leit að húsnæði sem gæti hentað allri starfsemi stofnunarinnar. Framkvæmdasýsla ríkisins auglýsti eftir húsnæði og eftir nána skoðun á sautján tilboðum var ákveðið að taka á leigu hluta húss sem er í byggingu við Víkurhvarf 3 í Kópavogi. Gengið var til samninga við eigendur hússins og skrifað undir leigusamning þann 22. október 2008. Námsgagnastofnun á að fá húsið afhent, tilbúið til notkunar, þann 31. mars næstkomandi og stefnt er að því að flytja í apríl.

Starfsmenn

Stjórnin leggur áherslu á starfsánægju og gott starfsumhverfi hjá Námsgagnastofnun.

Björg Pétursdóttir



NÁMSEFNIS- OG FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Á námsefnis- og framleiðslusviði Námsgagnastofnunar starfa alls 16 manns. Meginverkefni sviðsins eru undirbúningur og áætlanagerð vegna nýrra viðfangsefna, ritstjórn þeirra, hönnun, umbrot og umsjón með endurskoðun eldra efnis. Útgáfuformið er með ýmsu móti: Námsbækur, verkefnabækur og vinnuhefti á prentuðu formi, kennsluleiðbeiningar og verkefni á pdf-formi, hljóðefni, fræðslumyndir, kennsluforrit og loks gagnvirkt efni og námsvefir sem allt er gefið út á vef stofnunarinnar www.nams.is. Fjöldi verkefnaráðinna höfunda, myndgerðarfólks, hönnuða og forritara, auk prenttækniþólks, tæknimanna og ráðgjafa sem starfa utan stofnunar kemur að samningu og gerð efnisins.

Talsverðar breytingar urðu á starfsliði sviðsins á árinu og voru alls ráðnir fjórir nýir ritstjórar til starfa, í stað þeirra sem hættu eða fóru í námsleyfi. Nánari grein er gerð fyrir starfsmannahaldi hér að framan.

Útgáfan

Til verkefna námsefnis- og framleiðslusviðs var varið samtals nærri 198 milljónum króna á árinu 2008. Í vinnu höfunda og myndgerðarfólks fóru tæpar 43 milljónir króna. Tæplega 6,5 milljónum var varið í gerð og útgáfu fræðslumynda, 16,6 milljónum í gerð og útgáfu rafræns námsefnis og rúmlega 131,5 milljónum í prentun og aðra framleiðslu. Á árinu komu út alls 430 titlar. Þar af voru 120 frumútgáfur, auk fimm aðkeyþra titla erlendis frá, 36 endurútgáfur og 274 endurprentanir. Af frumútgáfum voru alls 59 titlar prentað mál, átta titlar hljóðefni og fjórir fræðslumyndir. Á vef stofnunarinnar komu út átta nýir námsvefir og gagnvirkt efni og 46 titlar til útprintunar á pdf-formi, auk annars smálegs. Samtals komu út á árinu tæplega 880 þúsund eintök, sem trúlega er metuppskera hjá Námsgagnastofnun.

Meðal nýs námsefnis til tungumálakennslu sem gefið var út á árinu 2008 má nefna *New Matrix-Intermediate*, enskukennsluefni fyrir 10. bekk, æfingaheftin *Hickory, Dickory, Dock*, vefinn *Think about it* og *Adventure Island of English Words*, sem er kassi með 311 myndaspjöldum sem eru ætluð til kennslu í ensku og íslensku á yngsta stigi, ásamt á annað hundrað vinnublöðum sem fylgja efninu til útprintunar á vef. Efnið hentar ágætlega til kennslu innflytjenda. Í dönsku kom út þemaheftið *Dejlige danmark* ásamt verkefnibók og *Sådan*, sem eru þemaverkefni í dönsku og upplýsingatækni.



Á góðri stund í árlegu höfundaboði Námsgagnastofnunar.

Í íslensku var meðal annars haldið áfram útgáfu auðlesinna sögubóka og bættust sögurnar *Draugasaga Dóra litla* og *Ég heiti Grímar* í safnið. *Kæra dagbók 2* er framhald efnis sem kom fyrst út 2007 og er sérstaklega ætlað til kennslu innflytjenda, en *Finnbjörg* er lítil bók um málfræði og stafsetningu sem ætluð er til kennslu á miðstigi. *Lífið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi* er önnur bókin um norræna goðafræði og loks kom út endurskoðuð útgáfa af *Málrækt 3*, auk vefefnisins *Leikritasmiðjan*.

Í samfélagsgreinum kom út vinnubók með nýju landafræðinni *Ísland – veröld til að njóta*, auk þemaheftisins *Merkir sögustaðir – Þingvellir*. Þemaheftin *Geitungar á Íslandi* og *Blikur á lofti* komu út undir merkjum náttúrufræði, ásamt gagnvirku vefefni, *Greiningarlyklar um smádyr*. Auk þess var opnaður *Kynfræðsluvefur* og sérstakt *Kynfræðslutorg* á vefnum. Í hönnun og smíði komu út heftin *Glervinna*, *Málsmíði* og *Trésmíði* ætluð unglingsstigi og í lífsleikni var lokið við útgáfu efnisins *Að vaxa úr grasi*.

Í trúarbragðafræði var lokið við útgáfu trúarbragðaefnis fyrir miðstig með heftinu *Kristin trú – fagnaðarerindið*, auk þess sem efnið *Trúarbrögðin okkar*, ætlað yngsta stigi grunnskólans, kom út. Loks má nefna að í stærðfræði var lokið útgáfu unglingsstigs efnisins *Átta-tíu* og sérkennsluefnisins *Stærðfræði 8–10+* og er þá fátt eitt talið af því sem kom út á árinu 2008.

Í árslok 2008 voru tæplega 80 gagnvirkir vefir aðgengilegir á vefsíðu Námsgagnastofnunar og hvorki meira né minna en rúmlega 930 pdf-skjöl, einkum kennsluleiðbeiningar og verkefni til útprintunar, auk annars nytsamlegs efnis. Má þar meðal annars nefna mikið krækjusaftn á margvíslegt efni frá öðrum útgefendum og vefsvæðið *Í dagsins önn* sem fjallað er sérstaklega um á öðrum stað í ársskýrslunni.

FRUMÚTGÁFUR ÁRSINS 2008

Fræðslumyndir

- 45096 Afríkan okkar
 - 45099 Í skýjunum skellur hans hlátur – hrossagaukur
 - 45101 Lithvörf
 - 44101 Tökum sporið – danskennsla
- Samtals 4 titlar*

Hjóðbækur/Hlustunarefni

- Dejlige Danmark – hlustunarefni
 - 9826 Draugasaga Dóra litla – hljóðbók
 - 9815 Hlustum á þjóðsögunar okkar – hlustunarefni
 - 9818 Kristin trú – Fagnaðarerindið – hljóðbók
 - 9097 Tónmennt 4. hefti – hlustunarefni
 - 9090 Tónmennt 5. hefti – hlustunarefni
 - 9838 Trúarbrögðin okkar – hljóðbók
 - 9846 Kæra dagbók 2 – hljóðbók
- Samtals 8 titlar*

Prentað efni

- 6981 Adventure Island of English Words – handbók kennara
- 6990 Adventure Island of English Words – myndaspjöld
- 6014 Að vaxa úr grasi 4 – Kennaramappa
- 6046 Að vaxa úr grasi 4 – Allir saman 1. eining
- 6047 Að vaxa úr grasi 4 – Allir saman 2. eining
- 6048 Að vaxa úr grasi 4 – Allir saman 3. eining
- 6049 Að vaxa úr grasi 4 – Allir saman 4. eining
- 6050 Að vaxa úr grasi 4 – Allir saman 5. eining
- 6015 Að vaxa úr grasi 5 – Kennaramappa
- 6051 Að vaxa úr grasi 5 – Allir saman 1. eining
- 6052 Að vaxa úr grasi 5 – Allir saman 2. eining
- 6053 Að vaxa úr grasi 5 – Allir saman 3. eining
- 6054 Að vaxa úr grasi 5 – Allir saman 4. eining
- 6055 Að vaxa úr grasi 5 – Allir saman 5. eining
- 6971 Átta-tíu 6 – nemendabók
- 6126 Blikur á lofti – þemahefti
- 6978 Dejlige Danmark – nemendabók
- 6995 Dejlige Danmark – verkefnabók
- 6172 Dickory
- 6173 Dock
- 6134 Draugasaga Dóra litla
- 6180 Dularfullu dulmálsbréfin – þemahefti
- 6136 Ég heiti Grímar
- 6985 Finnbjörg
- 6127 Geitungar á Íslandi – þemahefti
- 6149 Glervinna
- 6132 Græni gaukurinn
- 6153 Græni gaukurinn – myndaspjöld
- 6171 Hickory
- 7458 Hreyfistund
- 6151 Hugtök í stærðfræði
- 6163 Í undirdjúpunum – Deiling
- 6162 Í undirdjúpunum – Margföldun
- 6969 Komdu og skoðaðu landakort
- 6988 Kristin trú – Fagnaðarerindið



6166 Kæra dagbók 2 – nemendabók
6986 Lífið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi
6286 Matur og menning
6699 Málmismiði
5530 Málrækt 3 (Endurútgáfa)
6131 Merkir sögustaðir – Þingvellir
6975 Pælingar í stærðfræði – þemahefti
6024 Ritum saman – Græni blýanturinn
7453 Ritum saman – Græni blýanturinn – kennsluleiðbeiningar
6177 Skrýttinn dagur hjá Gunnari – myndaspjöld
7457 Sproti 1 – kennarabók
6170 Sproti 1 – nemendabók
6174 Sproti 1 – æfingahefti
6160 Stærðfræði 10+
6161 Stærðfræði 10+ – kennsluleiðbeiningar
6721 Trésmíði
6030 Trúarbrögðin okkar – nemendabók
6158 Töfrakassinn – safn tónlistarleikja
6128 Verklegar æfingar í náttúrufræði
Samtals 54 titlar

6107 New Matrix – intermediate – Workbook
7463 New Matrix – Intermediate/Teacher's book
6091 New Matrix – Pre Intermediate Workbook
9092 New Matrix – Intermediate – Audio class CD
6138 New Matrix – Intermediate – Student's book
Samtals 5 titlar aðkeyptir

Pdf skjöl á vef

9819 Adventure Island of English Words – verkefni
Afríkan okkar – kennsluhugmyndir
9847 Átta-tíu 6 – kennsluleiðbeiningar
9848 Átta-tíu 6 – lausnir
Dagur íslenskrar tungu – verkefnasafn á vef
Dejlige Danmark – nemendabók
Dejlige Danmark – verkefnabók
Dularfullu dulmálsbréfin – kennsluleiðbeiningar
Hlustum á þjóðsögurnar okkar – textar
Í undirdjúpunum – Deiling
Í undirdjúpunum – Margföldun
Ísland veröld til að njóta – vinnubók
9637 Komdu og skoðaðu – safnvefur
Kristin trú – Fagnaðarerindið – kennsluleiðbeiningar
Kæra dagbók 2 – verkefni á vef
Leikir og þrautir í stærðfræði fyrir grunnskólanemendur
Leiklistasöguvefur
Leikritasmiðjan
8652 Leikur að orðum
9822 Leið þín um lífið – verkefni
9873 Lestur og stafsetning
9852 Lífið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi – kennsluleiðbeiningar og verkefni
9874 Matur og menning – verkefni
9874 Matur og menning – kennsluleiðbeiningar
Mælingar um víða veröld – kennsluleiðbeiningar



9853 Námsmatsverkefni með Átta – tíu 5 og 6
New Matrix – Intermediate – Tests
7459 Orðasjóður – kennarabók
7459 Orðasjóður – verkefni
Pælingar í stærðfræði – kennsluleiðbeiningar
9806 Sádan – þemaverkefni í dönsku og upplýsingatækni
Skemmtilegt og sígilt lestrarefni
9088 Sproti 1 – verkefni til útprentunar
9671 Textílvafurinn – safnvefur (3 titlar)
9856 Trúarbrögðin okkar – kennsluleiðbeiningar
9856 Trúarbrögðin okkar – sögurammi
9617 Upplýsingatækni – safnvefur
9308 Upplýsingatækni 8.–10. bekkur – safnvefur (2 titlar)
8930 Verkefni með fræðslumyndum í náttúrufræði
9778 Vinkill 3
9841 Vinkill 3 – lausnir
Hugtök í stærðfræði
9833 Kennsluþeningar – hugmyndabanki
Samtals 46 titlar

Gagnvirkir vefir

Frádráttur í undirdjúpunum
Greiningarlykill um smádýr, landið
Kynfræðsluvefurinn
9875 Málfarsmolar
Samlagning í undirdjúpunum
Think about it
Gagga og Ari
Rumur í Rauðhamri
Samtals 8 titlar

Ýmislegt

9299 Fróðleikur – námsspil
1 titill

SAMANTEKT

Frumútgáfur

Prentað mál	54 titlar	181.000 eint.
Fræðslumyndir (DVD)	1 titill	250 eint.
Hljóðefni (CD)	7 titlar	2. 650 eint.

Vefefni

Pdf-skjöl	46 titlar	
Gagnvirkt vefefni	8 titlar	
Fræðslumyndir	3 titlar	
Hljóðefni	1 titill	
<i>Alls</i>	<i>120 titlar</i>	<i>183.900 eint.</i>

Endurútgáfur

Prentað mál	35 titlar	81.605 eint.
Hljóðefni (CD)	1 titill	100 eint.
<i>Alls</i>	<i>36 titlar</i>	<i>81.705 eint.</i>

Endurprentanir

Prentað mál	184 titlar	586.775 eint.
Prentað mál (aðkeypt)	30 titlar	22.534 eint.
Hljóðefni (CD)	57 titlar	4.615 eint.
Hljóðefni (aðkeypt)	3 titlar	400 eint.
<i>Alls</i>	<i>274 titlar</i>	<i>614.324 eint.</i>

SAMTALS

430 titlar **879.929 eint.**

Úthlutun námsgagna 2008

	Almennur kvóti
Úttektarheimild	289.996.000 kr.
Úttekt á árinu	275.772.000 kr.
Eintakafjöldi	704.336 eint.
Meðalverð á eintak	392 kr.

Auk þess voru afgreidd 13.230 eintök utan kvóta.





Frá árlegri sýningu Námsgagnastofnunar í Árbæjarskóla.

KYNNINGARSTARF

Árið byrjaði á undirbúningi árlegrar uppskeruhátíðar starfsmanna, höfundna, teignara og lesara sem komið höfðu að útgáfum árið 2007. Það voru um 50 manns sem mættu og áttu saman góða stund. Í þessu boði var *Ritfærni*, nýr vefur sem tekur á ritun eftir Kristínu Gunnarsdóttir, kynntur og Pétur Hafþór Jónsson kynnti efnið sitt *Hljóðspor* sem var tilnefnt til viðurkenningar Hagþenkis og hlaut Íslensku menntaverðlaunin 2008.

Þegar þessu lauk tóku við ýmis störf, svo sem að senda út kynningar, fara á sýningar, senda fulltrúa á kynningar, meðal annars á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Níu kynningarbæklingar voru gefnir út á árinu og tíu dreifibréf sem fara í alla skóla auk þess að birtast rafræn á heimasíðunni. Á öskudaginn var sýning á nýju námsefni á Hilton hótelinu en þar voru kennarar á ráðstefnu á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Eftir var til kynninga í sambandi við málþing í náttúrufræði í húsakynnum Menntavísindasviðs við Stakkahlíð, auk kynninga um tvítyngda nemendur, stærðfræði og fleira.

Í ágúst var árleg sýning á öllu efni stofnunarinnar haldin í Árbæjarskóla. Þar voru haldnir alls 18 fræðslufundir fyrir kennara, flestir tengdir nýju efni. Aðsókn að sýningunni var minni en undanfarin ár sem olli talsverðum vonbrigðum. Námsgagnastofnun tók einnig þátt í haustþingum kennarafélaganna og sendi sýningar á öll þing, en veruleg fækkun varð á fyrirlestrum á vegum stofnunarinnar á haustþingum kennarafélaganna árið 2008. Alls tóku um 1000 kennarar þátt í fræðslufundum á

árinu. Á haustmánuðum var farið í árlegar skólaheimsóknir með spurningalista þar sem fulltrúar kennara í skólum koma á framfæri ábendingum um námsefni og ýmislegt annað í starfsemi stofnunarinnar. Á árinu voru fimm skólar heimsóttir.

HEIMASÍÐAN

Auk dreifibréfa og heimasíðunnar er póstlistinn það samskiptatæki sem mest er notað til þess að hafa samband við kennara og aðra áhugamenn um starfsemi stofnunarinnar. Í lok ársins 2008 voru rúmlega 2400 netföng skráð á listann. Áætlað er að gera verulegt átak til að fá kennara og annað áhugafólk um námsefni til að skrá sig á póstlistann, sem hefur sannað sig sem okkar besta tæki til að ná til viðskiptavina stofnunarinnar. Nokkur aukning er á notkun vefjarins www.nams.is en notkunin mætti vera mun meiri og þarf að gera átak í kynningu á honum og því efni sem hann hefur að geyma á árinu 2009.

AUGLÝSINGAR

Námsgagnastofnun auglýsti reglulega í fagtímaritum kennara og sérblöðum. Á síðastliðnu ári var auglýst í fjölmiðlum auk þess sem viðtöl við starfsmenn birtust þar sem fjallað var um stofnunina og starfsemi hennar.

Verðlaunahafar í nýyrðasamkeppninni þau Gréta María Halldórsdóttir og Sigfinnur Andri Marinósson, nemendur í Varmahlíðarskóla.



Í DAGSINS ÖNN

Vefsíðan *Í dagsins önn* var opnuð árið 2004. Markmið síðunnar var að koma til móts við þarfir grunnskólanna um efni sem fjallar um það sem efst er á baugi hverju sinni. Á árinu birtist fjöldi greina um málefni líðandi stundar. Málefni sem fjallað hefur verið um er t.d. stríðið milli Ísrael og Palestínu, 200 ára afmæli Darwins, dagur íslenskrar tungu, dagur stærðfræðinnar 6. febrúar, fróðleikur um fellibylji, evrópski tungumáladagurinn, nýr forseti sem kjörinn var í Bandaríkjunum, forvarnadagurinn, Lúsíudagurinn 13. desember og margt fleira. Í desember birtist árlegt jóladagatal með stærðfræðiþrautum sem nemendum á miðstigi gafst kostur á að glíma við.

VEFIR

Á vegum vefsíðunnar voru opnaðir þrír vefir á árinu. *Dagur íslenskrar tungu* er vefur þar sem hefur verið safnað saman hugmyndum að verkefnum til að vinna í tengslum við dag íslenskrar tungu. *Myndin af Íslandi* er vefur sem sýnir þróun landakorta af Íslandi frá árinu 1000 til okkar tíma. *Málfarsmolar* er vefur þar sem er að finna 50 mola eða ábendingar um hvernig við getum vandað málfar okkar. Vefur þessi er samstarfsverkefni Námsgagnastofnunar og málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

NÝYRÐASAMKEPPNI

Í tengslum við dag íslenskrar tungu var efnt til nýyrðasamkeppni. Markmið keppninnar var að vekja athygli á því að unnt er að nota íslensk orð þar sem oft eru notuð erlend orð eða slettur. Íslensk málnefnd hafði frumkvæði að keppninni en ásamt málnefndinni stóðu Námsgagnastofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Skýrslutæknifélag Íslands að keppninni. Verkefnið vakti mikla athygli og bárust rúmlega 1700 tillögur frá nemendum í 5.–7. bekk, frá alls 82 skólum. Eftir nokkra umhugsun var ákveðið að veita 1. verðlaun fyrir tillögu um orðið *skjóla* fyrir *buff*. Orðið *skjóla* er að vísu haft um ‚fötu‘ en í orðinu felst að það megi hafa um eitthvað sem ‚veitir skjól‘ og þetta fat gerir það svo sannarlega. Á myndinni er Gréta María Halldórsdóttir, sem hlaut 1. verðlaun, ásamt skólalabróður sínum, Sigfinni Andra Marinóssyni, sem einnig hlaut viðurkenningu. Þau eru í 5. bekk í Varmahlíðarskóla.


HEIMSÓKNIR Á VEF NÁMSGAGNASTOFNUNAR

Fróðlegt getur verið að skoða hvernig heimsóknir dreifast á vef Námsgagnastofnunar yfir árið. Fylgst er með umferð á vefnum í samræmdri vefmælingu INTIS-Modernus. Meðal þess sem er mælt, og sjá má á meðfylgjandi grafi, er fjöldi notenda, fjöldi innlita (þ.e. sami notandi getur litið inn oft og einu sinni í hvert skipti) og fjöldi flettinga, sem er vísbending um hve mikið er farið á milli þess sem í boði er, eða með öðrum orðum hve mikið vefurinn er í raun notaður.

Eins og sjá má á grafinu sem sýnir umferð á vefnum allt árið 2008, varð hæsti toppur vormisseris skömmu eftir áramót, en á haustmisseri vikuna fyrir vetrarfrí skólanna. Að jafnaði var umferðin mun meiri á haustmisserinu en fyrr á árinu sem bendir til aukinnar sóknar í það efni sem í boði er á vefnum. Jóla-, páska- og sumarleyfi koma skýrt fram á grafinu sem djúpir dalir og greinilega má einnig merkja vetrarfrí skólanna.

Alls voru notendur á árinu rúmlega 476 þúsund og innlitin tæplega 611 þúsund. Flettingar töldust hins vegar nærri 3,3 milljónir sem bendir til að margir notendanna nýti sér efnið á vefnum. Athygli vakti að nærri fjórðungur notenda voru nýir notendur, þ.e. þeir sem ekki höfðu áður farið inn á nams.is. Vefefnið er því að sækja í sig veðrið jafnt og þétt.

Árið 2008 á www.nams.is



BOLOGNA BARNABÓKASTEFNAN 2008

Bologna Children's Book Fair er barnabókastefna sem haldin er árlega í Bologna á Ítalíu og stóð yfir dagana 31. mars til 3. apríl 2008. Sýningarsvæðið er meira en 20.000 fermetrar sem skiptist í marga vel skipulagða skála með góðu aðgengi á milli. Á ráðstefnunni koma saman höfundar, myndskreytar, útgefendur, dreifingaraðilar og prentframleiðendur ásamt bóksölum og öðrum hagsmunaaðilum í bókaútgáfu, enda hvergi annað eins úrval af efni að finna á einum stað, gefið út fyrir börn.

Í bókastefnunni 2008 voru um 1.300 sýningaraðilar frá 69 löndum úr öllum heimshornum. Sem dæmi um þátttökulönd má nefna Ástralíu, Kína, Indland, Japan, Kóreu, Afríku, Argentínu, Litháen, Úkraínu og svo auðvitað Færeyjar og Ísland.

Árlega er heiðursgestur myndskreyta valinn, sem fær sérstakan sess á sýningunni, og að þessu sinni var það Argentína sem vermdi heiðurssetið og bauð upp á sýningu undir nafninu „Þegar kýr fljúga“ (When cows fly). Eins og nafnið gefur til kynna var sýningin ævintýrleg, full af lífi og dulúð Suður-Ameríku og hugarflugi myndskreytanna sem er, að því er virtist, takmarkalaust. Á ráðstefnunni er einnig kynntur sérvalinn myndskreytir og þann heiður hlaut að þessu sinni Einar Turkowski sem er

fæddur í Þýskalandi árið 1972 og hefur getið sér afar gott orð sem myndskreytir í Evrópu og víðar.

Barnabókastefnuna sóttu að þessu sinni Hafdís Jónsdóttir hönnuður og Margrét Friðriksdóttir, sem starfar við grafíska miðlun, en báðar vinna við framleiðsludeild stofnunarinnar. Ferðin var frumraun beggja á ráðstefnu sem þessa. Það sem vakti mesta athygli, auk undrunar yfir gífurlegum fjölda bóka sem gefnar eru út fyrir börn í veröldinni, var hve miklu er til kostað að gera efnið áhugavert og aðlaðandi.

Gríðarlega mikið er lagt í myndskreytingar bóka af öllu tagi og litagleðin er mikil. Framsetning texta er afar frumleg og djörf bæði hvað varðar val á leturgerðum og umbrot. Brot bóka var einnig afar fjölbreytt og stönsun af öllu mögulegu tagi áberandi. Raunar má segja að hugarflugi við framleiðslu prentgripa sé lítil takmörk sett.

Heimsóknir á bókastefnur sem þessa eru afar hvetjandi og gagnlegar, auk ánægjunnar sem af þeim má hafa. Þær eru því kærkomið tækifæri til endurmenntunar og aukinnar viðsýni, sem nýtist vel í störfum þeirra sem annast gerð og umbúnað námsefnis frá Námsgagnastofnun.

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN 2008



Forseti Íslands veitti að venju Ísleisku menntaverðlaunin í byrjun júní. Í flokki námsefnishöfunda hlaut verðlaunin að þessu sinni Pétur Hafþór Jónsson, kennari í

Austurbæjarskóla, fyrir námsefni sitt *Hljóðspor* sem Námsgagnastofnun gefur út. Í glæsilegri nemendabók og fjölbreyttri kennarabók, ásamt viðamiklu hlustunarefni á geisladiskum, er fjallað um sögu alþýðu- og dægurtónlistar frá tímum þrælahalds í Bandaríkjunum til loka 7. áratugar 20. aldar. Skoðaðar eru þær þjóðfélagshræringar sem gátu af sér mismunandi tónlistarstefnur, eins og blús, rokk, popp og mótmælendatónlist. Efnið er einkum ætlað efri hluta miðstigs og unglíngastigi.

Þetta er í fjórða sinn sem höfundur námsefnis sem Námsgagnastofnun gefur út hlýtur þessi ágætu verðlaun. Fyrir í fleti voru þau Sigfríður Björnsdóttir, Sólrún Harðardóttir, Karl Ágúst Úlfsson og Ásdís Ólsen.

Pétur Hafþór
Jónsson.



ÁRSREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2008

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2008

	Eignir	Skuldir og eigið fé
Veltufjármunir/skammtímaskuldir	172.496.471	24.171.944
Langtímakröfur/áhættufjármunir	0	
Langtímaskuldir		0
Höfuðstóll		148.324.527
	<hr/>	<hr/>
Alls	172.496.471	172.496.471

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2008

Gjöld

Dagvinna	102.248.132
Aukagreiðslur	1.880.686
Yfirvinna	2.552.563
Launatengd gjöld	22.366.148
Launakostnaður	129.047.529

Fundir, námskeið og risna	1.174.192
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	347.950
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	1.115.061
Akstur	1.585.997
Ferðakostnaður	4.223.200

Tímarit, blöð og bækur	18.065.246
Skrifstofuvörur og áhöld	30.652.715
Aðrar vörur	2.282.042
Rekstrarvörur	51.000.003

Önnur sérfræðiþjónusta	71.709.561
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	1.324.404
Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	96.647.233
Sími og ýmis leigugjöld	7.739.402
Aðkeypt þjónusta	177.420.600

Verkaup og byggingavörur	573.666
Ráfmagn og heitt vatn	1.512.699
Húsaleiga og aðkeypt ræsting	10.181.604
Fasteignagjöld og tryggingar	2.496.958
Húsnæðiskostnaður	14.764.927

Vextir, bætur, skattar	19.557.351
Eignakaup	1.512.579
Birgðabreytingar	-5.993.807
Ýmislegt	15.076.123

Gjöld samtals	391.532.382
Sértekjur	-14.722.883
Gjöld umfram tekjur	376.809.499

